

VOLG

1. tölublað 2013 2. árgangur
þitt eintak



Mundi & Sigyn





Michelsen Arctic Explorer



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909





Farmers Market
— ICELAND —

WWW.FARMERSMARKET.IS

RÖLT UM REYKJAVÍK

Hönnunarmars er runninn upp og gleðin ríkir hjá VOLG. Hátíðin fer nú fram í fimmta sinn og í ár er það okkur heiður að taka þátt í því góða starfi sem liggur að baki. Í blaðinu gerum við Hönnunarmars góð skil í máli og myndum og er af nógu að taka. Gaman er að segja frá því að íslenskir hönnuðir, sem taka þátt í hátíðinni, komu að hönnun blaðsins að þessu sinni. Stelpurnar, Svala, Arna Rún og Jóna Berglind, hjá Undralandinu, Katla Rós og Björgvín Friðgeirsson fengu lausan tauminn við hönnun og umbrot á sjö efnissíðum blaðsins þar sem hugmyndir þeirra og sköpun fá að njóta sín.


Mikil jákvæðni tók á móti okkur hvert sem við leituðum varðandi efni í blaðið sem styrkir og hvetur okkur áfram. Hönnun er allsstaðar í kringum okkur. Hönnun er fyrir alla, ekki bara þá sem lifa og hrærast í hönnun alla daga sem þó stundum vill gleymast. Í hvert sinn sem þú ferð í verslanir til að kaupa þér sjónvarp, pott, hnífapör, borð, stóla og allt hitt að þá er gott að muna að það er hönnuður á bakvið hverja einustu vöru. Mikil vinna og hugsun hefur farið í hlutinn áður en hann nær alla leið í verslanir. Njótum þeirrar hönnunarveislu sem framundan er. Sjáumst á röltinu í Reykjavík. Góðar stundir.




Hildur Sif Kristborgardóttir
Ritstjóri



Ásta Kristjánsdóttir
Ljósmyndari



Leifur Wilberg Orrason
Ljósmyndari



Sara María Júlíudóttir
Stílisti



Óléna Simon
Stílisti



Ljósmyndari: Ásta Kristjánsdóttir
Stílisti: Sara María Júlíudóttir
Hönnun forsíðu: Bergur Finnbogason

Útgefandi: Goggur ehf.

Kennitala: 610503-2680

Heimilisfang: Grandagarður 16, 101 Reykjavík.

Sími: 445-9000 Heimasíða: www.volg.is

Netpóstur: volg@volg.is

Ritstjóri: Hildur Sif Kristborgardóttir.

Hönnun og umbrot: Janus Sigurjónsson.

Pennar: Sólveig Baldursdóttir, Guðrún Guðlaugsdóttir,
Sara María Júlíudóttir, Hildur Sif Kristborgardóttir.

Prentun: Oddi prentsmiðja

Dreifing: VOLG er dreift frítt í 10.000 eintökum.

Taktu þátt í HönnunarMars með Símanum



Viðburðirnir, verkin, fólkið, kortið, fréttirnar.
 Búðu til þína eigin dagskrá og taktu þátt
 í HönnunarMars með símanum þínum.

YOUR TEXT HERE er innsetning eftir Marcos Zotes sem þú finnur á HönnunarMars

HENDRIKKA WAAGE 10

MUNDI OG SIGYN 12

GREIPUR GÍSLASON 14

KONAN OG HUNDURINN 16

MARGRÉT ERLA MAACK 18

REBEKKA REY 20

RAGNHILDUR ÞÓRA ÁGÚSTSDÓTTIR 22

TÍSKUÞÁTTUR 24

SIC VICOUS 32

RÓBERT MICHELSEN 34

CHANDRIKA GUNNARSSON 36

HELGA BJÖRNSSON 38

SIGGA HEIMIS 42

BRANDUR KARLSSON 44

HÖNNUNARSTAFIR 46


MAGGA STÍNA 48

HELLE THORNING-SCHMIDT 52

FRIEKE JANSSEN 54

SUNNA BEN 56

VOLG MAÐURINN 58



Í PLÚS?
Taktu stöðuna
með einum smelli

ARION APPIÐ

Með Arion appinu getur þú tekið stöðuna á reikningunum þínum og kortum með einum smelli, án innskráningar. Þú sérð líka nýjustu færslur og ógreidda reikninga. Með því að skrá þig inn getur þú borgað reikninga, millifært og sótt PIN-númerin þín.

Þú finnur upplýsingar um appið á arionbanki.is.



Skannaðu QR kóðann og sæktu appið frítt í símann þinn



 Arion banki

Listaverkin mín

HENDRIKKA WAAGE

Texti: Hildur Sif Kristborgardóttir **Ljósmynd Hendrikka:** Ásta Kristjánsdóttir

HENDRIKKA WAAGE Á FJÖLBREYTTAN FERIL AD BAKI SEM HÖNNUÐUR SKARTGRIPA Í 10 ÁR Á ALÞJÓDAMARKADI. BARNABÓKAHÖFUNDUR OG ATHAFNARKONA. NÚ HEFUR HÚN SKAÐ NÝTT ILMVATN. FJOLA SEM ER KOMID Á MARKAD. HENDRIKKA HEFUR BÚID OG STARFAD ERLENDIS Í 19 ÁR. Í BANDARÍKJUNUM, JAPAN, INDLANDI, RÚSSLANDI OG ENGLANDI.





EINSTÖK EGG

Þessi rússnesku egg keypti ég á Arbat götunni þegar ég bjó í Moskvu. Ótrúlega fallega máluð listaverk eftir rússneskan listmálara.



ASÍSKUR VASI

Þessi guli vasi er keyptur í Hong Kong og er eftir kínverskan listmálara. Mér finnst hann skemmtilegur, litríkur og figuratífur.



TIME TO GO HIGHER

Skúlptúr eftir Daisy Boman. „Löngun þeirra er einstök. Andlitslaus, spyrja þau okkur hvað þau eru, ekki hvað þau líta út fyrir að vera.“



MEYDÓMURINN

Þetta var fyrsta málverkið sem ég fjárfesti í þegar ég var 18 ára gömul. Mér þykir mjög vænt um fallegu konuna á myndinni. En málverkið er eftir Cheo Cruz.



MÓÐIR OG SONUR

Ljósmynd: Ásta Kristjánsdóttir
Stílisti: Sara María Júlíudóttir
Förðun: Hildur Sif Kristborgardóttir
Fatnaður: MUNDI
Hönnun á síðu: Undralandið



Mundi og móðir hans Sigyn reka saman hönnunarfyrirtækið MUNDI og hafa gert það frá 2007. Mundi er hönnuðurinn og Sigyn er framkvæmdarstýran.

HÁTÍÐ HÖNNUNAR Á ÍSLANDI

Texti: Sólveig Baldursdóttir Ljósmynd: Leifur Wilberg Orrason

HÁTÍÐIN HÖNNUNARMARS HEFUR SKIPAD SÉR FASTAN SESS Í ÍSLENSKRI MENNINGU OG ER NÚ HALDIN Í 5. SINN HÉR Á LANDI. VOLG TÓK GREIP GÍSLASON, VERKEFNASTJÓRA HÁTÍÐARINNAR, TALI OG FÉKK HANN TIL AD TJÁ SIG UM GILDI HÖNNUNAR Á ÍSLANDI.

Hún sameinar allt Reykjavíkursvæðið í eina borgarhátíð og nú er svo komið að til landsins flykkjast áhugasamir útlendingar sem eiga sér drauma um að sjá verk hugmyndaríkra Íslendinga. Margir þeirra hafa þegar vakið verðskuldaða athygli á erlendum vettvangi og aðrir eru við það að springa út sem hönnuðir sem eru samkeppnishæfir við það besta sem gerist í heiminum.

Hönnunarmars samanstendur af yfir 100 viðburðum á 50-60 stöðum um alla borgina þar sem 500 hönnuðir koma að og hefur undirbúningur hátíðarinnar staðið yfir frá því í mars í fyrra og nú er allt að smella að sögn aðstandenda hátíðarinnar.

HÖNNUN/HANDVERK

Greipur Gíslason, verkefnisstjóri hátíðarinnar, segir að skilgreindur munur á hönnuði og handverksmanni sé að hönnuður sé háskólamenntaður fagmaður en handverksmaðurinn ekki. Í því felist engin skoðun á því hver sé listamaður og hver ekki. Hönnuðurinn vinnur hugmyndir sem aðrir framleiða, oft í fjöldaframleiðslu, en handverksmaðurinn vinnur iðulega eftir hugmyndum annarra en býr allt til sjálfur. Greipur segir að þetta tvennt geti unnið vel saman en á HönnunarMars sé hönnuðum hampað en handverki sé hampað á öðrum vettvangi.

Hvaða þýðingu hefur HönnunarMars fyrir hönnun í landinu?

Greipur segir að hátíðinni sé ætlað að kynna íslenska hönnun fyrir almenningi, stjórnvöldum, fjölmiðlum og erlendum gestum. Hann segir HönnunarMars vera langmikilvægasta viðburðinn á þessu sviði á landinu og að hann hafi þar af leiðandi gríðarlega þýðingu. Greipur segir að þar séu ekki eingöngu kynntir fallegir hlutir heldur séu þeir kynntir sem verkfæri til bættara samfélags.

ALLT ER HÖNNUN

Þegar venjulegur leikmaður skoðar umhverfi sitt kemst hann að raun um að allt sem þar er megi skilgreina sem hönnun, sama hvort er stóll, borð, kaffivél eða miðstöðvarofn. „Hönnuðir koma m.ö.o. að öllu okkar umhverfi og gera það bæði að fallegra og bættara samfélagi að öllu leyti,“ segir Greipur.



VIÐ EIGUM 1 ÁRS AFMÆLI
Á LAUGAVEGINUM 16. MARS



KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR LAUGARDAGINN 16. MARS
Á HÖNNUNARMARS, ÞAÐ VERÐUR NÓG UM AÐ VERA!

SPENNANDI AFMÆLISTILBOÐ, GLAÐNINGUR OG
10% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM ALLA HELGINA

HÖNNUNARMARS Í HRÍM OG ÞOKU

You Say it Best When You Say Nothing at All

Opnun: Miðvikudaginn 13. mars 17:00 - 19:00

GUNMAD kynnir letursmiðju sína í gallerí ÞOKU
sem staðsett er í kjallara HríM

hrím
H Ö N N U N A R
H Ú S

LAUGAVEGI 25 - S: 553-3003



Konan og hundurinn
**BIRNA OG
AFFIETUDE**

Ljósmynd: Leifur Willberg Orrason Stílisering: Sara María Júlíudóttir
Hár: Jóhann Eymundsson Föðun: Þóra Kristín Þórðardóttir með MAC
Kjöll: Einkaeign Kragi hundur: Spakmannspjarir Feldir: Eggert Feldsker



Birna Willard og Affietude Hakuna Matata Valiant eru búin að eiga hvort annað í 4 ár. Það sem einkennir Afghan hundinn er hversu tignarlegur hann er. Afghan hundurinn kemur frá Afganistan og var hann upprunalega notaður sem varðhundur til að gæta sauðfés og geita. Einnig var hann notaður sem veiðihundur til veiða, t.d. sjakala. Afghan hundurinn er mjög tengdur eiganda sínum og sýnir honum mikla ást, en hann er ekki mikið fyrir ókunnugt fólk og getur virkað hrokafullur. Afghan hundurinn er viðkvæm tegund og þarf að vanda vel til í uppeldinu. Afghan hundurinn er rólegur og stoltur hundur, en hann þolir vel að búa á Íslandi þar sem hann þolir kulda og hita vel.

VOLG

Dagur og nótt
MARGRÉT ERLA MAACK

Ljósmyndir: Leifur Wilberg Orrason Stílisti: Sara María Júlíudóttir
Förðun: Birna Sif Magnúsdóttir Fatnaður: Einkaeign






RB RÚM



Alþjóðleg viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í framleiðslu í rúmum og springdýnum.



ÍSLENSK HÖNNUN



Í áraðir hefur Ragnar Björnsson ehf. framleitt rúm af öllum stærðum og gerðum, allt eftir óskum viðskiptavina. Við ráðleggjum fólki að hafa tvær dýnur í öllum hjónarúmum og tengja dýnurnar saman með rennilásum. Mismunandi stífleika er hægt að

velja allt eftir þyngd þeirra sem á dýnunum hvíla. Þú velur rétta hæð á rúmið þitt og stígur létt framúr. Mikið úrval af öllum tegundum rúma.

Hafið samband við sölumenn okkar fyrir frekari upplýsingar.



OPIÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ 8 - 18 OG Á LAUGARDÖGUM FRÁ 10 - 14



VILL EKKI MATA

REBEKKA JÓNSDÓTTIR NAM FATAHÖNNUN VÍÐ FASHION INSTITUTE OF DESIGN AND MERCHANDISING Í LOS ANGELES OG HANNAR Í DAG VÖRUR UNDIR MERKINU REY. REBEKKA LEGGUR MIKLA ÁHERSLU Á SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ OG GEFUR EKKERT EFTIR Í SINNI EIGIN FATAFRAMLEIÐSLU.

Texti: Sólveig Baldursdóttir Ljósmynd: Elisabet Davíðsdóttir



Nei, nei. Þetta er bara Grenivíkurlookið,“ segir Rebekka Jónsdóttir brosandi þegar ég spyr hvort í henni sé blandað blóð. Hún er nefnilega dekkri á brún og brá en venjulegir, föllir Íslendingar. Mamma hennar er frá Grenivík og pabbi frá Ísafirði og íslenskar verður maður nú ekki. Það er löng leið frá Grenivík til vesturstrandar Bandaríkjanna þar sem Rebekka nam fatahönnun við Fashion Institute of Design and Merchandising í Los Angeles. Hún valdi þann skóla af því þar gat hún farið beint í fatahönnun án þess að fara í fornámi í teikningu. Hún hafði verið í myndlistaskóla bæði hér og í Bandaríkjunum og teiknað og málað mikið sjálf. „Ég vissi þá þegar hvað ég vildi fást við og með þennan bakgrunn gat ég farið beint í praktískt og listrænt nám í fatahönnun,“ segir þessi ungi fatahönnuður sem leggur mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð okkar allra og gefur ekkert eftir í sinni eigin fataframleiðslu.

VILL EKKI MATA SKRÍMSLIÐ

Rebekka er mjög meðvituð um umhverfið og náttúruna í tengslum við hönnun sína en vill alls ekki troða skoðunum sínum upp á aðra. En hún er alveg einlæg þegar hún segist ekki vilja „mata skrímslið“ með því að taka þátt í brjálæðinu sem henni finnst vera í kringum framleiðslu á fatnaði í heiminum. Rebekka tók þátt í norænni fatahönnunarsýningu með umhverfisvernd sem þema í Kaupmannahöfn árið 2009 en sú sýning fór fram á sama tíma og loftlagsráðstefna Sameinu þjóðanna var haldin þar í borg. Þar segir Rebekka að hún hafi vaknað til vitundar um hversu mikilvæg ábyrgð okkar allra er. „Á þessari ráðstefnu var lögð mikil áhersla á ábyrgð allra á umhverfinu og samfélaginu og þetta hafði mikil áhrif á mig,“ segir hún. „Ég er mjög meðvituð um allt sem ég geri í lífinu og verð að vera sátt við það.“

Rebekka framleiðir alla sína vöru í Evrópu þar sem hún getur gengið úr skugga um að aðbúnaður starfsfólks í verksmiðjum sé í lagi. En af hverju framleiðir hún ekki hér heima? „Það er af því að hér fæ ég því miður ekki þá íhluti og þann frágang á vörum sem ég vil. Fyrir 30 árum hefði verið fínt að vera með framleiðsluna hér á því stigi sem ég er með í dag. Sem dæmi get ég nefnt rennilásagerð sem var í Kópavogi og hætti fyrir 10 árum. Þar gat maður pantað rennilása eftir stærð og lengd en nú er það búið. Í dag er ekki um annað að ræða en að versla við útlönd. Ég reyni að versla einnig hér heima það sem ég get en aðstæður leyfa einfaldlega ekki að ég fullvinni vöruna hér þótt ég gjarnan vildi.“

SKRÍMSLIÐ

KANNADI AÐSTÆÐUR Á INDLANDI

Rebekka fór til Indlands fyrir nokkru að kanna aðstæður í fataframleiðslu og kom heim fullviss um að þar vildi hún ekki láta framleiða vöru sína. „Auðvitað er ódýrara að kaupa saumaskap af indverskum framleiðendum en víðast hvar annars staðar. Sumir telja það rök fyrir því að versla við þróunarríki að börn þar fái þó einn dollar á dag fyrir vinnu sína í illa búnum verksmiðjum en að þau selji sig í vændi. Mér finnst þessi rök máttlaus og alls ekki siðferðislega rétt. Stéttaskipting og misskipting auðs á Indlandi er óheyrilega mikil,” segir hún. „Mér finnst við vera að mata skrímslið með því að taka þátt í þessum leik þar sem líf barna er einskis metið. Þá vil ég frekar borga meira fyrir framleiðsluna og vita að aðstæður þeirra sem vinna við hana séu mannsæmandi. Mér finnst eins og það hljóti að vera næsta vitundarvakning hjá fólki almennt að það láti sig varða hvernig fatnaðurinn sem það gengur í varð til. Allt hugsandi fólk er farið að hugsa um heilsuna, borða hollt og hreyfa sig og þá hlýtur næsta skref að vera að fólk spyrji sig: Vil ég ganga í fötum sem ég veit að voru framleidd af börnum við heilsu- og umhverfisspillandi aðstæður?“

Um aldamótin 1900 átti sér stað hrikalegt slysi í New York þar sem saumakonur voru læstar inni við vinnu sína af ötta við að þær stælu vörum, að sögn Rebekku. „Svo kviknaði í húsinu og fjöldinn allur af starfsmönnum dóu af því það var búíð að læsa öllum útgönguleiðum, flest ungar konur nýfluttar til Bandaríkjanna í von um betra líf. Þessi harmleikur hafði áhrif á vinnulöggjöf í Bandaríkjunum. En þetta viðgengst enn í dag en bara í fjarlægari löndum eins og Bangladesh, Indlandi og Kína.“

NOTAR EKKI MÓDEL YNGRI EN 18 ÁRA

„Á samsýningum er manni úthlutað módelum og þá kemst ég stundum ekki hjá því að nota módel sem eru yngri en 18 ára og ég verð ég að setta mig við það. En ef ég fæ að ráða þá geri ég það ekki. Samfélagið hefur svo ótrúlega mikil áhrif á útlit kvenna. Viss líkamsvöxtur hentar betur í módelstörf en annar en við vitum að gínurnar sem við notum t.d. í náminu eiga sér ekki samsvörum í raunveruleikanum. Okkur er bara kennt að nota þær til að teikna og sníða fötin á. Auðvitað eru mjög fáar manneskjur sem geta notað flikina eins og hún passar á gínuna. Fötin sitja bara alla jafna betur á líkama í þeirri stærð. Auðvitað er síðan verulega sorglegt þegar ungar konur ala með sér óánægju með sig sjálfar af því þær munu aldrei geta lituð út eins og módelin í stað þess að horfa á það sem er gott og fallegt við líkama þeirra.“

SAMKVÆM SJÁLFRI SÉR OG ÞÓKNAST EKKI ÖLLUM

„Hjá mér er þetta meira þannig að ég þarf að vera heidarleg og samkvæm sjálfri mér,” segir Rebekka en tekur þó fram að hún sé þó

„Mér finnst við vera að mata skrímslið með því að taka þátt í þessum leik þar sem líf barna er einskis metið. Þá vil ég frekar borga meira fyrir framleiðsluna og vita að aðstæður þeirra sem vinna við hana séu mannsæmandi.“

ekki fanatísk að neinu leyti. „Þá væri hætta á að ég yrði ósamkvæm sjálfri mér á einhverjum tíma. Mitt mottó er í rauninni að hafa ekkert mottó en ég verð alltaf að vera sátta við sjálfa mig.“

Rebekka er með vissa tilbúna persónu í huga þegar hún hagnar. Hún segir að sú persóna sé undir miklum áhrifum frá móður hennar, systur og vinkonum en þær eru ekkert líkar í útliti. Hún segist alls ekki vera að reyna að þóknast öllum og þáði aðstoð frá góðri vinkonu sinni, Svölu Björgvinsdóttur, þegar komið var að því að sýna í fyrsta sinn. Rebekka segir að þau ráð hafi verið sér ómetanleg. „Svala sagði mér til dæmis að fyrir hvern einn sem rakkar niður það sem þú gerir væri til annar sem er hrifinn. Og hún kenndi mér að maður getur ekki tekið bara við hrósi. Maður verður að heyra neikvæðu hliðarnar líka til að geta verið viss um að fólk sé einlægt“

STÓRU FRAMLEIÐENDURNIR ÚRELDA VILJANDI VÖRUR SÍNAR

Rebekka segir að mjög erfitt sé fyrir minni framleiðendur að keppa við þá stóru. „Þeir gera vörur sínar úreltar með hraði þar sem þeir vilja kynna og selja nýjar fatalínur svo ört. Þeir ná aldrei að selja allt sem þeir framleiða. Þeir ógilda allt sem þeir gera ef þeir eru alltaf að segja fólki að henda því sem það á til að kaupa nýtt og þá er ekki gott að vera búinn að vera að predika. Stórir framleiðendur eins og H&M eru ekki samkvæmir sjálfum sér því þeir tala mikið um samfélagslega ábyrgð en segja svo viðskiptavinum sínum að henda nýkeyptu flikunum. Það eru að verða til landfyllingar úti um allan heim af óseldum fatnaði sem gerir engum gagn. En svo ryðja stóru framleiðendurnir auðvitað brautina oft fyrir okkur hin svo við getum ekki sett okkur í einhverjar hneykslistillingar.“

REY

Rebekka hagnar vöru sína undir merkinu REY. Nafnið er blanda úr nafni hennar sjálfar og Reykjavík auk þess sem henni þykja þriggja stafa lógó best. Hún hefur náð góðum árangri með hönnun sína en hún selur hana í ATMO við Laugaveg 91 þar sem um 60 hönnuðir fengu að vera með hönnun sína undir einu þaki og svo er vörur hennar að finna í versluninni Kiosk við Laugaveg 65 sem hún rekur með nokkrum öðrum hönnuðum.



Listakonan

RAGNHILDUR ÞÓRA ÁGÚSTSDÓTTIR

Texti: Hildur Sif Kristborgardóttir **Ljósmynd:** Leifur Wilberg Orrason

HULDA LÆRDI Í MYNDLISTASKÓLA REYKJAVÍKUR SEM BARN. EFTIR ÞAÐ Í HDNSKÓLANUM Í REYKJAVÍK, MYNDLISTA- OG HANDÍÐASKÓLA ÍSLANDS OG LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS. HÚN HEFUR BÚÍÐ Í REYKJAVÍK, Í FOSSVOGINUM, Á STOKKSEYRI OG Í MOSFELLSBÆ.

HVAR STUNDADIR ÞÚ NÁM?

Árið 2002 útskrifaðist ég úr Roger Williams University í Bandaríkjunum.

MÁLADIR ÞÚ MIKID SEM BARN?

Já mjög mikið en það er kannski bara venjulegt fyrir barn að vilja teikna og mála. Ég hélt síðan áfram í gegnum allan grunnskólann og menntaskólann, þó með nokkrum hléum þar sem ég snerti ekki pensil og eitthvað annað tók við.

HVADAN SÆKIR ÞÚ HELST INNBLÁSTUR?

Ég er ekki viss um hvort innblástur sé eitthvað sem maður sækir eða verður fyrir. Því miður er ekkert eitt sem en endalaus uppspretta innblásturs. Þetta er svo margþætt; fólk, náttúran, heimurinn, sambönd, meira að segja hagkerfið og pólitíkin.



HVER ER ÞINN UPPÁHALDS LISTAMADUR/KONA?

Ég á mjög erfitt með að nefna einhvern einn eða eina. Það eru svo margir í miklu upphaldi og svo mörg tímabil sem ég er hrifin af. En ég gæti nefnt Lucas Cranach the younger, Durer, John Currin, Rothko, Bouguereau, Cindy Sherman, Cecile Brown og marga marga fleiri.

ÁTTU ÞÉR UPPÁHALDSSTAÐ?

Já og ég veit að þetta er klisja en „heima er best“

HVADA MANNESKJU ÚR MANNKYNSOGUNNI MUNDIR ÞÚ VILJA HITTA Í KAFFÍ Í SMÁ SPJALL?

Þær eru svo margar að þetta þyrfti frekar að vera party en kaffibolli.

MIDBORGIN OKKAR BÝÐUR ÞÉR HEIM

Margbröttinn Mars



**Það er gott að vera,
versla og njóta þar
sem hjartað slær.**

Vorið er á næsta leiti í hjarta miðborgarinnar. Sköpunar-
gleðin brýst fram í mislitum og fagurlega formuðum
andlitsmottum, rauði dregiwillinn verður dreginn fram
á RFF, Reykjavík Fashion Festival og litrík klæði léttu
lund og hrekja vetrargráma á braut.


Landsins færustu hönnuðir og arkitekta bjóða gestum
og gangandi upp í HönnunarMars – og hanna í hverjum
krók og kima borgarinnar. Verslun í miðborginni er ekki
í neinum vetrardvala því ljúfir vorboðar eru mættir í
hillurnar og göturnar iða af lífi.







Ljósmyndir: Leifur Wilberg Orrason Stílisti: Sebastian Alexander Trah
Hár og fördum: Maria Ehrlich Módel: Rubey Komm/Izaio Models & Robin
Anderson/Satory models Fatnaður: Notuð för frá útimörkuðum









ÍS LA

GEOLGÍSKA INSTITUTE



Íslensk framleiðsla – íslenskt hráefni.
Ullarslá ungrúarinnar á myndinni er úr tízkulínu Geysis.

„ÞAR SEM HÁIR HÓLAR HÁLFAN DALINN FYLLA“



GEYSIR

AND

1:500 000



30°

17°

10°

15°

Illustration by the author of the book


14°

Illustration by the author of the book


VOLG

Sic Vicious & VIR

Ljósmyndir: Siggeir Magnús Hafsteinsson



Gleðilegan Mottumars!



Macland er stoltur þátttakandi í Mottumars.
Styðjum gott málefni og heitum á Hödda Mac.



580 7500



Klapparstígur 30



verslun@macland.is



www.macland.is



Handverk

ROBERT MICHELSEN

RÓBERT SEGIR AD ÚRAHÖNNUN Í DAG SÉ FURÐULEG, MÖRG ÚRAFYRIRTÆKI FRAMLEIÐI OFURDÝR OG ALLTOF FLÓKIN ÚR SEM ENGINN KUNNI Á OG ENGINN TILGANGUR SÉ MED „SVONA DÓT FYRIR RÍKU KALLANA“.

Úr eru ekki lengur nauðsyn í dag nema þú sért að fara á Suðurlandinn,“ grínast Róbert með og bætir við að það sé sorglegt að engin nýliðun sé í faginu á Íslandi, eftir nokkur ár verði örfáir úrsmiðir eftir á Íslandi. Hann fullyrðir samt að það sé mikil framtíð í úrsmíði því það sé til mikið af dýrum og fínum úrum sem þurfi að þjónusta, fólk hendi ekki úrinu sínu upp á milljónir króna. Róbert segir að handavinnan sé gífurlega mikil í úrsmíði og þeir sem kynni sér fagið verði nær undantekningalaust ástríðufólk. Ekki fer á milli mála að ástríðan hefur heltekið Róbert fyrir löngu síðan og það er ekki laust við að maður smitist af þessari miklu ástíðu og undrist af hverju fagið er nú í lægð. Róbert segir hins vegar að í nútímasamfélagi hafi úrin orðið óþörf enda klukkur og tíminn allt í kringum okkur; í símanum, í tölvunni, á örbylgjuofninum svo fátt eitt sé nefnt, en að úr sé miklu meira en tímamælir; úr eru skartgripur, lítill en hárnákvæm vél sem gengur allan daginn, alla daga ársins. Góð úr eru framleidd með tilfinningu og ástríðu að leiðarljósi.

Róbert lærði úrsmíði í Sviss og fór svo aftur þangað í framhaldsnám þar sem hann tók svokallaðan „Complicated course“ sem má líkja við mastergráðu í úrsmíði. Þar er t.d. kennd endursmíði á gömlum antikúrum en það eru oft ættargripir sem fólk vill láta endurgera. Hann kennir nú við skólann í Le Locle í Sviss þar sem hann nam sjálfur og nú er íslenskur strákur að hefja þar nám hjá honum.

„Í Le Locle er púls úraíðnaðarins,“ segir Róbert „en Genf er meira úrsmíðahöfuðborgin því höfuðstöðvar stóru úrafyrirtækjanna eru þar staðsettar þótt megnið af framleiðslunni fari fram í Le Locle og nágrenni.“

Róbert er fjórða kynslóð úrsmíða í Michelsen ættinni. Langafi hans stofnaði fyrirtækið og svo kom hver kynslóðin á fætur annarri. Róbert segir að hann muni koma heim að lokum en allir skilji vel að hann skuli vilja nýta sér að bæta við sig kunnáttu og reynslu áður en hann snúi heim því ýmislegt standi honum ekki til boða á Íslandi.

ÚRAHÖNNUN Í DAG

Róbert segir að úrahönnun í dag sé furðuleg, mörg úrafyrirtæki framleiði ofurdýr og alltof flókin úr sem enginn kunni á og enginn tilgangur sé með, „svona dót fyrir ríku kallana“. Aðrir framleiðendur eru íhaldsamari og bjóða uppá klassísk og falleg úr en sjálfur er Róbert hrifnari af þessu klassíska í úrsmíðinni enda kennir hann klassíska úrsmíði. Róbert mun setja bráðlega á markað handtrekkt úr eins og þau voru í gamla daga. Hönnunin er byggð á íslenskum fossum og Róbert er búinn að vera mjög lengi að vinna að þessari hugmynd. Þessi nýja/gamla lína verður markaðssett um páskana.

ÚRÍÐ SEM FÓR Á SUÐURLANDINN

Róbert hannaði úrið sem Vilborg fór með á Suðurlandinn. Hann var lengi búinn að ganga með þetta úr í maganum. „Fyrsta hugmyndin



var að hanna tveggja tíma útivistarúr sem varð að hugmyndinni sem Vilborg fór með á Suðurlandinn. „Þá var ég að hugsa um notagildi frekar en útlit,“ segir hann. „Árið 2011 fórum við svo af stað að finna fyrirtæki sem gætu framleitt íhlutina fyrir okkur.“

Þegar kom upp að Vilborg væri að fara á Suðurlandinn var hugmyndin um útivistarúrið fædd en þá settu þeir feðgar allt á fullt til að klára framleiðsluna því þeir vissu sem var að þetta yrði besta próf-raun sem úrið fengi. Það voru líkur á að glerið myndi springa eða að gangverkið myndi ekki þola þetta gríðarlega frost. Það var eins og við manninn mælt að úrið stóðst prófraunina og „gengur enn eins og klukka,“ segir Róbert ánægður með útivistarúrið sem hann hannaði. Úrið var síðan sett á markað þegar Vilborg var komin á Suðurlandinn. Róbert var sannfærður um að úrið myndi þola þessa raun en segist hafa verið þínulítið stressaður.

„Ég var búinn að teikna úrið á blað eftir minni bestu getu og þá þurfti að finna mann til að teikna úrið á tölvu, fyrirtæki til að smíða kassana utan um úrverkið, skífuframleiðanda og vísaframleiðanda og það varð þrautín þyngri því þessi fyrirtæki eru vön að framleiða í þúsunda vís og rúmlega það. Við þurftum hins vegar bara fáa kassa, en þetta hafðist.“

Róbert kennir við skólann í Le Locle auk þess sem hann sér um framleiðsluna fyrir fjölskyldufyrirtækið Michelsen úrsmíði, þ.e.a.s. hönnun, miðstýringu, gæðaeftirlit og hluta af samsetningu. Það auðveldar öll samskipti að hann getur nánast bankað upp á hjá fyrirtækjunum hvenær sem er og fylgst mjög vel með því sem þau eru að gera fyrir Michelsen á Íslandi.



Vitahverfið
SKAPANOLSVÆÐI



KORMÁKS & SKJALDAR

Kjörgarði - Laugavegi 59 - sími 511 1817

HACKETT
LONDON

Barbour

Harris Tweed

BEN SHERMAN

FILSON
Since 1897

FRÁ INDLANDI TIL REYKJAVÍKUR

Texti: Hildur Sif Kristborgardóttir Ljósmyndir: Leifur Wilberg Orrason

CHANDRIKA GUNNARSSON FLUTTI HINGAÐ TIL LANDS FYRIR TUTTUGU ÁRUM SÍÐAN MEÐ EIGINMANNI SÍNUM. GUNNARI GUNNARSSYNI EN ÞAU KYNNTUST Í HÁSKÓLANÁMI Í BANDARÍKJUNUM. VOLG HITTI CHANDRIKU OG FÉKK HANA TIL AD SEGJA ÖRLÍTIÐ FRÁ REYNSLU SINNI AF LANDI OG ÞJÓÐ.



HVERNIG KOM ÞAD TIL AD ÞÚ FLUTTIR TIL ÍSLANDS?

Ég kynntist eiginmanni mínum, sem er Íslendingur, í háskólanámi í Bandaríkjunum. Þegar við kláruðum námið ákváðum við að það yrði betra fyrir okkur að flytja frá Bandaríkjunum og búa þar sem við værum nálægt fjölskyldu og vinum. Þá gekk ég með okkar fyrsta barn. Okkur fannst mikilvægt að barnið fengi að alast upp annaðhvort hér á Íslandi eða á Indlandi. Við ákváðum að við myndum byrja á því að búa hér og sjá svo til með framhaldið.

HVERNIG HEFUR GENGIÐ AD LÆRA ÍSLENSKU?

Að læra íslensku hefur ekki verið auðvelt. Það er ekki bara erfitt sökum þess að íslenska er flókið tungumál heldur er einnig erfitt þegar maður fær ekki mörg tækifæri til að æfa sig í því. Í mínu tilviki þá hef ég t.d. ekki talað við börnin mín á íslensku, því okkur hjónunum fannst mikilvægt að börnin okkar myndu einnig læra indversku. Að auki hafði ég talað við manninn minn á ensku í sjö ár áður en við fluttum til Íslands, og því var erfitt að breyta yfir nóttu. Í vinnunni tala ég indversku og á tímabili fluttum við hjónin aftur til Bandaríkjanna og það hjálpaði ekki til. Að lokum, fyrir manneskju sem notast mikið við tilfinningalega tjáningu í daglegu lífi er erfitt að tala þjagaða íslensku og ef ég gerði það finnst mér að það myndi breyta persónuleika mínum algjörlega. Ég er ekki viss um að fjölskyldan mín myndi vilja umgangast „hljóðláta“ Chandriku. Að því sögðu, þá skil ég tungumálið vel og reyni að tala eins mikið og ég get.

FANST ÞÉR ERFITT AD ADLAGAST LIFNADARHÁTTUM HÉR Á LANDI?

Það tekur tíma að venjast öllum stórtækum breytingum. Þegar maður er í hjónabandi þar sem aðilarnir tveir koma frá ólíkum menningarsvæðum þá myndast áskoranir á mörgum sviðum. Að því sögðu, þá gengur mér vel að aðlagast lífinu á Íslandi. Ísland er nú mitt heimili og mér líður vel hérna. Fjölskylda mín og vinir hafa þar hjálpað mikið til og verið skilningsríkir og tillitssamir. Annars slagið koma upp hlutir sem hræra aðeins í manni, en þá minni ég mig á fegurðina sem er fólgin í ólíkum menningum.

ÞAD ER VÆNTANLEGA MIKILL MUNUR Á VEDRINU HÉR Á LANDI OG Á INDLANDI? HVERNIG GEKK AD VENJAST ÞVÍ?

Munurinn á Indlandi og Íslandi sést auðvitað hvað best þegar maður hugsar til veðursins. Auðvitað vildi ég hafa lengri og heitari sumur og hlýrri vetur. Vilja það ekki allir? Ég held að ég muni aldrei venjast árstíðunum hér, en ég mun lifa eftir þeim eins vel og ég get.

HVERJIR ERU HELSTU KOSTIR OG GALLAR VID AD BÚA Á ÍSLANDI AD ÞÍNU MAT?

Eins og í öllum samfélögum þá getur maður fundið kosti og galla. Hér eru hins vegar fleiri kostir en gallar, og því er ég enn hér, tuttugu árum eftir að ég flutti hingað fyrst.



Fannst ég hafa vængi

HELGA BJÖRNSSON

Texti: Guðrún Guðlaugsdóttir **Ljósmyndir:** Ásta Kristjánsdóttir **Stílisti:** Sara María Júlíudóttir

Förðun: Rakel Ásgeirsdóttir með MAC **Hár:** Emil og Fía á Sjoppunni **Fatnaður:** Rebekka Rey

„ELEGANT“ ER ORÐIÐ SEM KEMUR UPP Í HUGANN ÞEGAR HÚN OPNAR FYRIR MÉR. YFIR HELGU BJÖRNSSON
FATAHÖNNUDI ER „FRANSKUR ÞOKKI. ÞRÁTT FYRIR ÍSLENSKT ÆTTERNI. RAUNAR VAR GEORGÍA AMMA HENNAR
DÖNSK. EN FÖÐURAFI HENNAR VAR FYRSTI FORSETI ÍSLANDS. SVEINN BJÖRNSSON. OG MÓÐURAMMA HENNAR.
GUÐNÝ. VAR SYSTIR EINARS JÓNSSONAR MYNDHÖGGVARA.

Helga býr á efstu hæð í miðbænum, „Ég hef alltaf átt heima í miðbæ, þannig var það í París og í London,“ segir hún á meðan við virðum fyrir okkur útsýnið úr stofunni, sem er fremur listamannslegt, ef svo má að orði komast. Hún gefur mér kaffi úr mjög stórum og litríkum bollum og álengdar fylgjast með okkur tveir kettir, kenndir við Síam. „Ég er fædd í húsi Guðnýjar ömmu minnar að Sjafnargötu 4. Ég er yngst þriggja systkina, sem öll voru fædd þegar móðir mín var 25 ára gömul, en pabbi þrítugur,“ segir hún og rennir grönnum fingrunum í gegnum ljóst sitt hárið. Augnaráðið er ofurlítið varkárt; hún þekkir mig jú ekki – hlédræg er þessi fremur stelpulega heimskona, sem alið hefur mestan aldur sinn í París. Þar var hún þekktur hönnuður hjá Louis Feraud. En mig langar til að vita hvernig leið hennar lá þangað.

„Sautján daga gömul fór ég með foreldrum mínum til Noregs. Ég man ekkert eftir mér þar, en ég var aðeins tveggja ára þegar við fluttum til Frakklands. Faðir minn, Henrik Sv. Björnsson, var þar með í að koma á fót íslensku sendiráði, en fimm ára gömul var ég þegar við fluttum þaðan til Íslands. Sveinn afi var þá nýdáiinn, en ég man vel eftir ömmu Georgíu; hún var skemmtileg kona, en því miður skildi ég hana illa, hún talaði svo dönskuskotna íslensku,“ segir Helga og brosir.

Hlédrægni hennar fer minnkandi og frásagnagleðin nær henni smám saman á sitt vald: „Amma Guðný var hins vegar miklu nær mér. Við bjuggum á næstu hæð fyrir ofan hana. Pabbi hafði látið útbúa eins konar feluhurð, sem féll inn í vegginn án ummerkja – svo birtist hún allt í einu. Mamma var einkabarn hennar. Amma hafði menntast í myndlist í Kaupmannahöfn og þegar hún var 38 ára varð hún ástfangin af rösklega tvítugum nemanda sínum, Jóni Guðmundssyni rafvirkja, og þau giftust. Amma var fertug þegar mamma, ávallt nefnd Gígja, fæddist. Amma Guðný var kjarkmikil og óvenjuleg kona. Hún ákvað t.d. að mamma skyldi læra á fiðlu og hún var sendi til Kaupmannahafnar í Det Kgl.Musikkonservatorium. Mamma var kornung þegar hún hittu pabba. Hún var fallett

stúlka og þrír herrar höfðu boðið henni á golfball á Hótel Borg. Hún neitaði engum en fór svo með þeim sem henni leist best á. Þetta var fornlegt og kurteislegt samkvæmi og foreldrar beggja viðstaddir.

Svo sá mamma mann sem horfði stíft á hana og fann að þessum manni vildi hún kynnast. Hún leit niður á kjólinn sinn og vissi að hún ætti annan fallett heima. Viljandi velti hún um rauðvinsglasi svo vín fór í kjólinn, þannig fékk hún ástæðu til að afsaka sig, hlaupa heim á Sjafnargötu til að fara í sparikjólinn og koma svo aftur í hendingskasti. Svo leit hún niður og beið eftir að pabbi nálgadist og spyrdi foreldra hennar, og unga manninn sem boðið hafði henni á ballið, hvort hann mætti dansa við hana. Þetta gerði hann von bráðar. Á þessu kvöldi voru lögð drög að hönnun minni síðar meir- og jafnvel hönnunarstarfi mínu. Foreldrar mínir giftust svo fljótlega og vegna starfs pabba var mamma alltaf mjög meðvitund um klæðnað sinn og okkar systkinanna; glæsilegur, en fremur klassískur klæðnaður hennar vakti snemma áhuga minn á fatnaði og gerð hans – en nú fer ég of fljótt yfir sögu.

Ég gekk í Ísaksskóla, Æfingadeild Kennaraskólans, Austurbæjar-skóla og var hálfan vetur í Gagnfræðaskóla Austurbæjar. Þá var pabbi kallaður til starfa sem sendiherra Íslands í London. Það voru mikil viðbrigði að fara frá ömmu, frændfólki og vinkonum – sem voru að búa sig undir að verða „skvísur“, og setjast í breskan stúlkaskóla þar sem nemendur voru flestir stúlkur af ríkum gyðingaaettum. Ég var sárfeimin og lítt talandi á enska tungu. Fyrsta daginn kom stór og feitlagin stelpa og kíppti í fötin mín (ég var ekki búin að fá skólabúning) og svo í hárið á mér. Ég hrökk við. Núna myndi þetta líklega flokkast undir einelti, því þetta atvik markaði veru mína í þessum skóla, sem ég sótti í tvö ár. Samt eignadist ég þar góða vinkonu sem ég held enn sambandi við. Ég var dauðfegin þegar við fluttum nær miðbænum og ég var sett í annan skóla þar sem mér var vel tekið. En vera mín í fyrri skólanum markaði mig þó á þann hátt að ég varð hlédrægari. Aldrei sagði ég foreldrum mínum frá þessu, fannst bara að ég hlyti að vera svolítið öðruvísi fyrst stelpurnar létu svona, sem ég auðvitað var, lítill og ljóshærð. Seinni árin fannst mér þó gaman í heimsborginni London. Þar var þá allt að gerast, skemmtilegir tónleikar og sætir





strákar. Okkur Níní systur var boðið að vera „debutant“ að enskum hefðarhætti, en við héldum nú ekki, við værum jú íslenskar. Það var ekki fyrr en pabbi var orðinn sendiherra í París að við upplifðum slíkt.

HIPPATÍMINN OG ÁHRIF HANS

Ég var komin undir tvítugt þegar við fluttum til Parísar, nánast beint í stúdentauppreisnirnar. Mamma og pabbi vörðu okkur Níní við ákveðnum hverfum – þar gætu orðið læti – og einmitt þangað lögðum við leið okkar. Við tókum ekki þátt í uppreisnaraðgerðum, en við smituumst af þeim anda sem ríkti í uppreisninni gegn borgaralegum hefðum - sem við vorum auðvitað aldar upp við. Ég

velti svo sem aldrei fyrir mér aðstæðum mínum; krökkum og unglingum finnst jú allt eðlilegt, líka það að alast upp sem sendiráðsbörn. Pabbi lét mömmu hafa peninga, hún skipti þeim í umslög og lét okkur hafa sem vasapeninga. Listhneigðin hafði borist til okkar systkinanna. Mamma spilaði oft í veislum undir söng, við systkinin lærðum öll á hljóðfæri, - en ég fór að þrjá sjálfstæði. Ég sótti leiklistarskóla í París. Það var mín einkaáskorun gegn hlédrægninni sem búið hafði um sig í huga mér og þar lærði ég mikið í frönsku. Í París fékk ég svo inngöngu í Les Arts Decoratives og lauk námi í fatahönnun. Ég vildi ekki fara inn á listmálarasvið Níníar systur, en mig langaði til að skapa. Áhugi mömmu á að vera vel klædd smitaði yfir til mín. Ekki það að ég hannaði fót eins og hennar. Nei, allt var

að breytast; hippatískan var að líta dagsins ljós, hún hafði mikil áhrif á mig. Sá aflslappaði og kærulausi andi sem henni fylgdi smaug inn í mig, allt var svo nýtt og skemmtilegt.

Svo hitti ég ungan mann í samkvæmi sem sagði mér að fara með teiknimöppuna mína í Haute Couture, tiskuhús Louis Feraud. Ég gerði það daginn eftir, mætti með möppuna, hélt henni þétt upp að mér og beið eftir tiskukónginum. Þar sem ég beið var eldri maður að vappa. Ég taldi hann vera verkamann og skipti mér ekki af honum, bara beið. Svo kom hann allt í einu og vildi sjá möppuna mína. Ég hélt nú ekki, ég væri að biða eftir Louis Feraud. Svo heyrði ég að fólk í kringum mig fór að flissa og þá varð mér ljóst að eitthvað væri bogið við þetta allt saman. Hikandi fór ég að sýna manninum myndirnar mínar. Það kom auðvitað í ljós að þarna var kominn tiskukóngurinn sjálfur. Það endaði með því að hann sýndi mér allt húsið og réð mig til reynslu. Ég var mjög ánægð. Ég vildi vinna fyrir mér sjálf og nú opnaðist tækifæri. Að vísu fékk ég mjög lítið kaup fyrstu mánuðina, en ég hafði jú vasapeningana og vonina um fasta ráðningu - og það gekk eftir.

Ég var himinlifandi. Beygði mig yfir teikniborðið og hamaðist við að skapa, teikna og fá hugmyndir. En að vísu þóttu þær stundum full róttækar. Mér fannst ég sjá í áruna rás að ég hafi oft verið svona fimm árum á undan tiskuhúsinu í þeim efnum, en Frakkar eru jú mjög hægir, allt gerist þar miklu rólegar en hér. Það er svo skemmtilegt við Ísland að hér er allt hægt. Fólk ræðst bara í hlutina og oftast ganga þeir upp. Þannig er það ekki í Frakklandi. Ég sogaðist inn í heim tískunnar. Henni svipar á margan hátt til leikhúss - þar sem ég hafði byrjað. Sýningarnar og tónlistin, sá heimur heillaði mig.

Smám saman fluttu mínir nánustu frá mér. Pabbi og mamma fóru til Íslands þar sem pabbi starfaði í utanríkisþjónustunni, Sveinn bróðir fór í utanríkisþjónustuna, það togudu í hann diplómataaugarnar, hefðin í föðurfjölskyldunni. Níní systir giftist frönskum manni, stofnaði fjölskyldu og sinnti myndlist. Ég leigði mér íbúð í miðbæ Parísar og hélt áfram að skapa fót fyrir Louis Feraud. Stundum varð ég hundleidd á öllu saman, henti blöðunum út um allt, vildi hætta og prófa eitthvað nýtt. Þá yppti samstarfsfólkið öxlum, ég fékk betri aðstöðu og hærri kaup og hélt áfram. Þetta fyrirtæki og tiskuheimurinn varð í æ ríkari mæli allt mitt umhverfi. Auðvitað átti ég einkalíf, eins og aðrir, tók upp sambúð við menn úr tiskuheiminum, en samböndin entust ekki til frambúðar. Þegar ég nálgadist fertugt og var í þriðju sambúðinni ákvað ég að myndi ekki eignast börn. En lífið er svo lævist. Einmitt þegar ég strengdi þetta heit var ég orðin ófrísk án þess að vita af því. Þegar ég áttaði mig á ástandi mínu fannst mér yndisleg tilhugsun að hugsa um eitthvað annað en bara sjálfa mig. Velferð barnsins var mitt helsta umhugsunarefni, ég var ógíf í sambúð við franskan mann - íslensk kona ráðlagði mér að láta skrá barnið á mig áður en það fæddist. Það reyndist gott ráð, því sambúðin entist ekki mikið lengur en vel fram yfir fæðingu barnsins. Sambandið við barnsföður minn hefur þó alltaf verið gott og dóttir mín hefur notið þeirra samvasta við hann, sem hann hefur boðið upp á. En ég varð að fá hjálp með barnið. Ég réð fljótlega konu frá Sri Lanka, hún gekk um berfætt, sinnti barninu með afbrigðum vel og var farin að tala svolítið í íslensku, en hélt hún væri að tala frönsku. Eftir að hún fór fékk ég aðra konu, sem reyndist líka afskaplega vel og fylgdi okkur mæðgum fram á skólaár Gígju dóttur minnar. Ég var í erfiðleikum með að velja nafn á dóttur mína, en svo sá ég að best væri að gefa henni nafn mömmu.

Mér fannst mjög eðlilegt að hafa barnföstru. Þannig hafði það lengstum verið þegar við systkinin vorum að alast upp. Ljósmodirin sem tók á móti mér, Guðbjörg Sigurðardóttir fylgdi foreldrum mínum árum saman og mér þótti óskaplega vænt um hana. Svona gekk þetta ár eftir ár eftir ár. Ég vann og vann og sinnti dóttur minni eftir fongum. Svo dó Louis Feraud. Þá hafði ég starfað við tiskuhúsið hans í hartnær 25 ár. Dóttir hans tók við, en það gekk ekki og fyrir-

tækið var selt fólk sem vildi innleiða nýja stjórnumarhætti. Mér þótti æ meira að mér þrengt og þar kom að upp úr sauð, mér var gefinn kostur á að segja upp ef ég væri ekki sátt. Það vildi ég ekki, - ég vildi samninga. Þegar það gekk ekki ákvað ég að fara með málið fyrir dómstóla. Starfsfélagar mínir reyndust mér afburða vel, skrifuð bréf og lýstu störfum mínum, mér mjög í hag. Samt áttu þeir á hættu að vera reknir. Ég var með lögfræðing, en þegar mest á reið mætti sá ekki til aðalréttarhaldanna svo dómariinn bauð mér að segja sögu mína sjálf. Ég gerði það og líklega hefur sú frásaga, sem borin var fram í fyllstu einlægni, orðið til þess að mér voru dæmdar skaðabætur. Líka bætur fyrir það hvernig forráðamenn fyrirtækisins hefðu komið fram við mig á lokasprettinum í starfi mínu hjá Louis Feraud. Þegar dómur var fallinn eftir 4 ár og ég hætt hjá Feraud fór ég beint upp á Mont Martre í París þar sem lista- og ferðamannalíf er fjörugt og stóð þar við hina frægu kirkju Sacre Coeur, horfði yfir borgina - og fannst frelsi mitt svo mikið að mér fannst ég hafa vængi.

NÝTT LÍF

Við tók umhugsunartími og „freelance“ starf. Ég hafði alltaf haft áhuga á leikhúsi og hannaði af og til búninga fyrir íslenskar sýningar, t.d. Silkitrommuna eftir Atla Heimi Sveinsson og Íslandsklukkuna, sem ég fékk Grímuverðlaun fyrir. Síðast hannaði ég búninga fyrir leikritið „Svarti hundur prestsins“. Mér fannst ég komin á skemmtilegar heimaslóðir. Ég hugsaði æ meira heim til Íslands, fann betur og betur að ég er Íslendingur. Dóttir mín hafði dvalist hér oft á sumrin með systur minni og börnum hennar, og hjá mömmu. Einn daginn tók dóttirin af skarið og sagði: „Mamma, af hverju flytjum við ekki bara heim til Íslands?“ Þar með var teningunum kastað og ákvörðun tekin.

Mamma dó fyrir sex árum. Það var sárt, og líka það að leysa upp æskuheimilið við Sjafnargötu og selja húsið, en það ákvaðum við systkinin að gera. Í kjölfar sölunnar keypti ég þessa íbúð sem við mægurnar settumst að í við heimkomuna til Íslands. Síðan er komið hátt á annað ár. Dóttir mín hefur eignast íslenskan kærasta, þau eru núna í vinnu á Stöðvarfirði. En ég og kettirnir mínir frönsku, sem fluttumst heim með okkur, búum hér og unum okkur harla vel. Ég finn að vísu stundum fyrir því hvað margt hefur gerst hér síðan ég flutti burt á fjórtánda ári. Mig vantar stundum forsendur til að fylgjast með umræðunni, þekki ekki söguna. Úr því ætla ég að bæta, t.d. með því að hlusta á hljóðbækur meðan ég er að vinna. Ég hef stofnað fyrirtæki og er að vinna að eigin línu, hönnun og framleiðslu á slæðum og öðrum fylgihlutum. Þar er ég sterk á svellinu og hef satt að segja verið lengi. Með mér starfar æskuvinkona mín Sesselja Snævarr. Ég er gefin fyrir heita liti og ef ég ætti að velja mér tiskutíma, sem mér líkar mjög vel, þá nefni ég helst tiskuna um 1940, glæsilegt tímabil í fatahönnun.

Reyndar hef ég fastlega á tilfinningunni að eitthvað alveg nýtt sé í gerjun. Slíkt gerist gjarnan í kjölfar mikilla þjóðfélagsbreytinga, eins og heimskreppur eru. Í tiskuheiminum er búið að hræra í „sömu pottunum“ æði lengi. Ég tel í raun að varla hafi neitt byltingarkennt komið fram síðan á hippatímanum. En ég yrði ekki hissa þótt það gerðist fljótlega.

Mér finnst ég núna að vissu leyti aftur á byrjunarreit, en hef reynsluna í farteskinu. Um leið og ég er komin hingað, þar sem ræturnar liggja, þá er í mér óþreyja eftir því sem koma skal. Dóttir mín segir stundum að hún sé að vissu leyti eins og mamma mín, ég sé svo „ligleglad“. En það er ekki þannig sem það er, ég er bara ekki lengur föst í starfi hjá stóru fyrirtæki með ótal deildum sem sáu um framleiðsluna, - nú þarf ég ekki aðeins að skapa heldur líka að hugsa um framleiðsluþætti í félagi við Ingibjörgu Grétu Gísladóttur. Og það verður gaman. Ég hef einnig starfað nokkuð með Eggerti feldskera og Gerðarsafni. Svo togar leikhúsið í mig, - líka á þeim vettvangi er ég í vissum skilningi komin aftur til upphafsins.“



GRÁIR SKUGGAR HÖNNUNAR

Texti: Sígga Heimis, Iðnhönnuður Ljósmynd af Sögu: Birgir Ísleif Gunnarson

„Og góðu fréttirnar eru að loksins eru menn að átta sig á gildi og verðmæti hönnunar á almennum skapandi ferlum í víðara samhengi. Matar,ferðamanna, veitinga og skemmtanaíðnaðurinn eru bara nokkrar greinar iðnaðarins sem eru að átta sig á að hönnuðir eru hugmyndarsprautur og vaxtarprótín fyrir þá.“

Um fjöllun um hönnun hefur aukist gríðarlega síðustu ár. Ég man þegar ég kom úr námi 1994 (já það er svo langt síðan) þá hváði fólk þegar ég sagðist hafa lært iðnhönnun. „Hvað í ósköpunum er það?“, heyrði ég aftur og aftur og ég fór í gang með siendurtekna útskýringu á fyrirbærinu.

Í dag eru aðrir tímar. Listaháskólinn hefur kennt fagið í rúman áratug með tilheyrandi umfjöllun og umræðu. Fjöldi hönnuða hefur vaxið jafnt og þétt enda útskrifast a.m.k. 10 nýjir iðn/vöruhönnuðir árlega ef lagt er saman íslensku og erlendu útskriftirnar. Og svo má nefna að eitt af því fáa sem græddi á margumræddu hrúni var hönnunarfagið iðnhönnun, eða vöruhönnun sem er þekktara heiti í dag.

Það var blanda af þjóðerniskennd og trúnni á íslenskt hugvit með dassi af sjálfsbjargaviðleitni sem gerði það að verkum að fagið mitt varð ekki bara viðurkennt heldur einnig vinsælt eftir hrún.

Allt í einu var íslenskt ekki einfalt né þúkó heldur hipp og kúl. Með að styðja við íslenska hönnuði vorum við að greiða í okkar eigin vasa og styðja við gróskuna í landinu. Hönnuðir voru, þegar á botninn var hvolft, ekki ómeðvitaðar styrkjaa-fætur heldur hugmyndafrkir grúskarar sem framleiddu og sýndu árangur.

Svo þó að við getum bölvad hressilega fjárans hrúnnu þá getum við sagt að stuðningur við margt íslenskt hafi risið úr því og þ.m.t. iðnhönnun.

En ef við lítum raunhæft á fyrirbærið, hvað eru þá þessir hönnuðir að gera í dag á Íslandi? Eru menn að lifa af þessu? Eru menn jafnvel að verða ríkir á þessu? Er næg atvinna og möguleikar fyrir hönnuði? Er hægt að mæla með að ungt fólk stúderi hönnun og er útlitið bjart?

Þetta eru spurningar sem dynja á mér, mest frá ungu fólki sem hefur hug á að leggja þetta fyrir sig. Því að það er nefnilega málið; í lok dags þá þurfa allir að eiga í sig og á, annars gengur lífið ekki upp.

Ég leyfi mér að staðhæfa að það eru fleiri vöruhönnuðir sem ná ekki að brauðfæða sig af hönnustörfum einum hér á landi. Ég leyfi mér það einfaldlega af því að það er staðan annars staðar í heiminum. Og hér er iðnaður og framleiðsla minni heldur en í t.d. nágrannalöndum okkar. Staðreyndin er sú að það er því miður bara lítill hluti af útskrifuðum vöruhönnuðum sem ganga inn í stöður eftir nám.

En, gleymum ekki að þessir einstaklingar eru hugmyndafrkir og oftar en ekki þá ná þeir að nýta skapandi hugsun sína til að finna og fiska tækifæri.

Sumir leggja kennslu fyrir sig, aðrir fara af stað með eigin framleiðslu – en það hefur aukist mikið síðustu ár. Verslunarrekstur tengdur hönnun er einn vettvangurinn og svona má lengi telja.

Og góðu fréttirnar eru að loksins eru menn að átta sig á gildi og verðmæti hönnunar á almennum skapandi ferlum í víðara samhengi. Matar, ferðamanna, veitinga og skemmtanaíðnaðurinn eru bara nokkrar greinar iðnaðarins sem eru að átta sig á að hönnuðir eru hugmyndafrsprautur og vaxtarprótín fyrir þá. Upplifunarahönnun er t.d. ein tegund meistara-náms í vöruhönnun. Einnig er til meistara-gráða í matarhönnun. Og möguleikarnir eru endalausir.

Það er í raun ekkert svið sem ekki gæti nýtt sér hugmyndaflæði hönnuða. Það breytir engu hvar maður snertir niður; heilbrigðisferfið,

iðnaðurinn, landbúnaður, o.s.frv. Það leynast tækifæri og þróunarmögu-leikar alls staðar.

En skoðum nokkur ólík dæmi þar sem hönnunin blómstrar og dafnar og ekki í hefðbundnu samhengi.

Matís er fyrirtæki sem er í rifandi rekstri og atvinnuskapandi fyrir vöruhönnuði. Það er ekki langt síðan þeir hófu sitt fyrsta samstarf við vöruhönnuð og það hefur getið af sér sérlega skemmtilega niðurstöðu. Yfirmaður nýsköpunar og þróunar hjá Matís lítur mjög jákvæðum augum á þetta nýja samstarf og hann vill gjarnan sjá meira af því í framtíðinni. Mataríðnaðurinn er nefnilega sá iðnaður sem er gífurlega marg-breytilegur og möguleikarnir þar endalausir.

Samstarf vöruhönnuða við landbúnaðinn hefur einnig gefið góða raun.

Það hófst t.d. skemmtilegt verkefni hjá Listaháskól-anum fyrir nokkrum árum sem nefnist Stefnumót hönnuða og bænda (sjá meira á: www.designers-andfarmers.com). Þar byrjaði samtali milli ólíkra hópa sem endaði í frábæru sambandi og margar vörur komið úr því hjónabandi. Karamellur og konfekt er bara byrjun á upptalningunni, fleiri vörur eru væntanlegar og margar í þróun.

Einnig má minna á samstarf vöruhönnuðanna Auðar Aspar Guðmundsdóttur og Emblu Vigfús-dóttur en þær störfuðu með bændaversluninni Búbót að þróun og framleiðslu á ís. Frábært verkefni sem smakkast jafnvel og það hljómar. Þessi ís var kynntur eins og hver önnur vara á Hönn-unarmars 2012 og var briliant dæmi um lukkaða

vöruþróun í matvælaíðnaði.

Annað fyrirtæki hér innanlands sem gaman er að nefna er CCP. Það vita flestir að þar vinna alls konar tölvugúrur en það sem færri vita er að þar vinna einnig fatahönnuðir, vöruhönnuðir og listamenn. Þar fer fram persónusköpun ævintýrafigúra og þeirra heima og þar reynir almennilega á skapandi hugsun.

Mörg önnur frábær fyrirtæki starfa með vöruhönnuðum á okkar litla en öfluga markaði: Össur og Marel eru þar engin undantekning og allir vita hversu flott fyrirtæki þau eru. Okkur hættir nefnilega að sjá fyrir okkur kertastjaka eða enn einn stólinn þegar við tölum um hönnun. Framtíðin er þó allt önnur. Fólk í dag á allt of mikið af hlutum, við búum í minni hífylum og þau fara minnkandi og neytendur kaupa það sem þá langar í og bíða ekki eftir að fá hlutinn í afmælisgjöf eða lok starfsferils – líkt og gullúrið var hérna í „den„.

Upplifun, matvæli eða þjónusta eru nokkur dæmi um þá vörur í framtíðinni sem við komum til með að eyða peningunum okkar í. Og það er virkilega gaman að sjá að mörg fyrirtæki eru byrjuð að átta sig á þessu og sjá möguleikana að fá í lið með sér skapandi og frjóan vöruhönnuð.

Svo það má segja að framtíð hönnunar sé björt hér sem erlendis, það sem þarf er tiltrú og stuðningur fyrirtækja og stjórnvalda. Við þurfum að sýna þessum nýja vettvangi skilning og þolinmæði, enda vita allir sem vinna í þróun að þar er langhlaup sem gildir en ekki sprettir. Ungur hönnuður í dag þarf að vera opin fyrir tækifærum og vera náttúrulega forvitinn um alla möguleika fagsins. Hann þarf að hugsa jákvætt og vera tilbúin að leggja á sig ómælda vinnu og prófa nýjar aðferðir eftir því sem við á. Ef þessir eiginleikar eru til staðar þá er útlitið bjart og framtíðin góð og öflug stétt hæfileikramikilla hönnuða mun blómstra.





BRANDUR MÁLAR MEÐ MUNNINUM

Texti: Sólveig Baldursdóttir Mynd: Leifur Wilberg Orrason Málverk: Brandur

ÞEGAR BRANDUR VEIKTIST VAR HANN BÚINN AÐ FINNA FARVEG Í AÐ NEMA EDLISFRÆÐI
EN Í ÞVÍ FAGI GILDIR RÖKHUGSUNIN FYRST OG FREMST.

É g hitti Brand Karlsson til að taka við hann stutt viðtal um námskeið sem hann sækir í Myndlistaskóla Reykjavíkur fyrir fólk sem er að einhverju leyti hreyfihamlað. Ég vissi ekki við hverju ég mátti búast þegar ég lagði af stað en í ljós kom að ég var að fara að tala við manneskju sem var augljóslega komin lengra en við hin í þælingum um lífið og tilveruna. Brandur er 31 árs en það var fyrir nú árum að hann fór að finna fyrir ókennilegum taugasjúkdómi sem lagði hann í rúmið á nokkrum árum, svo illa að hann var í tvö ár samfleytt rúmliggjandi. Nú eru liðin 9 ár frá því fyrstu einkennin birtust en læknar eru engu nær um hvað hrjáir Brand. Í dag getur hann staðið en ekki notað hendur. Þegar svo var komið fékk hann aðstoð við að setja pensilinn í munninn til að skapa list sína.

Brandur hefur verið töluvert á Reykjalandi í endurhæfingu en þar er fólk hvatt óspart til að nota listsköpun í lækningaskyni. Þar kynntist Brandur fyrst kúntinni að mála með munninum. Edda Heiðrún Backmann heyrði af þessum strák sem hefði augljóslega hæfileika, fór á hans fund og hvatti til að læra meira. Edda setti á stofn námskeið fyrir hreyfihamlaða í samvinnu við



Myndlistaskóla Reykjavíkur þar sem Brandur og Edda hittast vikulega í tímum.

MIKID NÁTTÚRUBARN

Brandur segist að miklu leyti vera alinn upp á hálendi Íslands með móður sinni sem er jarðfræðingur og er náttúran honum hugleikin sem kemur mjög skýrt fram í listsköpun hans. Þegar hann veiktist var hann búinn að finna farveg í að nema edlisfræði en í því fagi gildir rökhugsunin fyrst og fremst. Þegar Brandur lá í tvö ár hreyfingalaus og gat ekki notað annan part af líkamanum en höfuðið gerði hann það óspart. „Í kjölfarið á að missa hreyfigetuna festist maður í eigin haus,“ segir hann. Þá tók Brandur til við að stúdera Zen búddisma en í þeim fræðum er lögð áhersla á muninn á vinstra og hægra heilahveli. Hann komst að því að vinstra heilahvel hefur með rökhugsunina að gera en það hægra með óáþreifanlega hluti, m.a. listina. „Í mínun huga gengur listsköpun m.a. út á að sleppa viðteknum venjum,“ segir Brandur, „þ.e. að virkja hægra heilahvelið. Það er þessi lifandi nálgun á tilveruna sem mér finnst núna svo eftirsóknarverð,“ segir þessi merkilegi maður sem er sannarlega efni í heila bók. Hver veit nema sú bók komi út seinna.



suZushii

Kringlan 4-12 | Stjörnutorg
Sími 553 2222 | www.suzushii.is

HÖNNUNARSTAFIR

Ljósmyndir: Marino Thorlacius Stafir: M - MUNDI, S - Unstable, H - Haf, N - Vík þrjónsdóttir



Kringlan

Foto: I. Kringlan

VELKOMIN Í VEISLUNA

Fáðu allt fyrir fermingarveisluna á einum stað.
Fatnaðinn, gjafirnar, veitingarnar og skreytingarnar.



TEBOÐIÐ



PERLUVINKONUR – OG
HEITA ALLAR MARGRÉT

Texti

Sólveig Baldursdóttir



Hönnun
Björgvin Friðgeirsson



Þegar Magga Stína var krúðuð af í yfirheyrslu um Margrétarhópinn var hún stödd í bíl að segja bílstjóra til vegar, leita að manneskju sem átti að sækja, drekka kaffi og svara spurningum blaðamanns. Mestar líkur eru á að þetta sé „eðlilegt ástand“ hjá Möggu Stínu en allt í einu þyrmdi yfir hana og hún sagði: „Eeh, hvað segirðu um að við tölum saman klukkan þrjú frekar en núna.“ Blaðamaður samþykkti það umsvifalaust og úr varð bara smá töf.



Þessar Möggu eru sem sagt jafnöldur og kynntust á aldrinum 12-15 ára. Þá vissi enginn hvað framtíðin bæri í skauti sér en í ljós kom að allar voru þessar stelpur á leiðinni í einhvers konar listnám. Þær vissu það bara ekki þá. Ein Margrétin er rithöfundur og er Örnólfsdóttir, önnur er markaðsstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar og er Ragnarsdóttir, svo er það sú sem alltaf er kölluð Magga Stína en hún er tónlistarkona, síðan er Margrét leikkona sem er Vilhjálmsdóttir og að síðustu er Margrét Blöndal (á litlu myndinni) sem er myndlistarkona en hún og Magga Stína eru skyldar í báðar ættir. Síðan er það litla Maggan sem sameinar þær allar en hún er dóttir Halldóru Geirharðsdóttur sem er í hópnum en Halldóra heitir bara ekki réttu nafni. Hún bætti það upp með því að eignast dóttur og skíra hana í höfuðið á öllum þessum Margrétum því sú stutta heitir Margrét Vilhelmina.

ÞÆR KOMU ALLAR HVER ÚR SINNI ÁTTINNI Í UPPHAFI EN LISTIRNAR TENGJA ÞÆR NÚNA.

Bandið á milli þessara Margréta er mjög sterkt og hefur haldist óslitið þrátt fyrir að einhver þeirra hafi dvalið langdvölum annars staðar. Þær hittast mjög mikið dags daglega og eru í einhvers konar samfloti í gegnum lífið. Þær gætu hins vegar aldrei verið í saumaklúbbi, myndu alltaf mæta of seint eða skrópa að sögn Möggu Stínu. „Saumaklúbbur er aðeins of mikið regluform til þess að það myndi virka fyrir okkur,“ segir hún.



Nafnið Margrét þýðir perla. Perla þýðir svo auðvitað ríkidæmi og auður þessara Margréta er síðan vinátta þeirra sem er þeim mjög dýrmæt. Enda eru þær allar perluvinkonur!



Helle Thorning Schmidt

GUCCI-HELLE

KARLAR Hafa gegnt ábyrgðarmeiri störfum í stjórnmálaheiminum en konur í gegnum tíðina. Þó hafa konur látid til sín taka og þá sérstaklega á seinni árum. Af frægum íslenskum leiðtogum má nefna Jóhönnu Sigurdardóttur og Vigdís Finnbogadóttur. Nordmenn eiga gró Harlem Brundtland. Indverjar Indiru Gandhi. Ísraelar Goldu Meir. Bretar Margaret Thatcher og Þjóðverjar Angelu Merkel. Svo nokkrar séu nefndar.

Helle Thorning Schmidt er fædd 1966 en hún tók við embætti forsætisráðherra Danmerkur í október 2011. Hún hefur verið gagnrýnd harðlega fyrir ótrúlegustu hluti, allt frá því að hafa átt þægilega æsku í ríkmannlegu umhverfi til þess að vera einhvers konar dúkka sem ekkert veit. Helle hefur útlitið með sér og hefur mikla ánægju af að klæðast fallegum fötum. Hún er gjarnan kölluð „Gucci Helle“ í fjölmiðlum en í því viðurnefni felst broddur að margra mati.

Faðir Helle, Helgor Schmidt, var lektor í stærðfræði og hagfræði við háskólann í Kaupmannahöfn en hann og móðir Helle, Grete, skildu þegar Helle var 10 ára. Þau voru bæði hægrisinuð í stjórnmálum sem virðist ekki hafa haft áhrif á pólitískar skoðanir dóttur þeirra.

Helle Thorning aðhylltist jafnaðarstefnu á námsárunum í Belgíu og gekk í Jafnaðarmannaflokkinn í Danmörku árið 1993. Frami hennar í stjórnmálum varð skjóttur og hún þykir af mörgum afburðagreind kona og föst fyrir. Vinkona Helle, Tine Aurvig-Huggenberger, segir að hún sé jarðbundin manneskja en eigi það til að vera dansandi kát í réttum félagsskap. Hún segir líka að blaðamenn sem ætli sér að taka við Helle persónulegt viðtal fari yfirleitt daprir í bragði frá því samtali því Helle sé aldrei mjög persónuleg, sist af öllu við blaðamenn.

Helle varð leiðtogi jafnaðarmanna í apríl 2005 og er fyrsta konan til að gegna báðum embættum, formaður flokksins og forsætisráðherra. Hún stundaði nám við Kaupmannahafnarháskóla þar sem hún nam stjórnmálafræði og var síðan valin úr hópi umsækjenda til að sækja virtan háskóla í Belgíu, College of Europe í Brussel, þar sem hún útskrifaðist með mastersgráðu í Evrópufræðum en Danir mega senda þangað einn nemanda þangað árlega. Fyrir utan móðurmálið talar Helle reiprennandi frönsku og ensku.

Þau Helle Thorning og eiginmaður hennar Stephen Kinnock kynntust þegar þau voru bæði við nám í College of Europe í Brussel. Stephen er fæddur í Wales, sonur Neil Kinnock sem atti kappi við John Major um Downingstræti 10 árið 1992. Stephen nam tungumál, frönsku og spænsku, við háskólann í Cambridge og tók síðan mastersgráðu í Evrópufræðum við College of Europe í Brussel. Þau hafa síðan eignast tvær dætur.

SKATTSVIK OG SÖGUSAGNIR UM SAMKYNHNEIGD

Danir voru hneykslaðir þegar þær fréttir láku að eiginmaður forsætisráðherra þeirra skyldi hafa verið bendlaður við skattsvik. Það átti að hafa átt sér stað þegar þau hjónin bjuggu í Sviss þar sem Stephen starfaði fyrir Evrópusambandið. Í Sviss eru skattar umtalsvert lægri en í Danmörku svo margir sögðust ekki undrast að þau hjónin skyldu velja að borga skatta sína þar þótt lögheimili þeirra væri í Danmörku. Af himinháum launum Stephens runnu skattarnir því til Sviss en þrátt fyrir að fjölmiðlar gerðu mikið úr málinu voru



hjónin hreinsuð af ásökunum um skattasvindl síðar meir. Til allrar hamingju fyrir Helle Thorning virtust þessar sögur hafa gleymst þegar kosningarnar gengu í garð. Öðru máli gegndi um þrálátar sögusagnir um samkynhneigð Stephens. Þær gengu svo langt að Helle Thorning sá sig knúna til að bera opinberlega á móti sögusögnunum sem hún sagði ganga mjög nærri dætrum þeirra. Helle hefur líka þurft að afneita sögum um að þau hjónin séu að skilja. Þau búa hvort í sínu landinu vegna vinnu sinnar sem ýtir enn frekar undir þessar sögusagnir. Mörgum finnst nóg um árásir sem þau hjónin hafa orðið fyrir en segja svo bara „það er kalt á toppnum“ og finna ekki til samúðar. Nýjasta málið sem Helle Thorning hefur þurft að kljást við er að hún hafi gengið á bak orða sinna varðandi löggjöf um vændi. Í mörg ár hefur verið rætt um að gera vændiskaup ólögleg í Danmörku eins og í Svíþjóð, Noregi og á Íslandi. Danir sekta gangandi vegfarendur fyrir að fara yfir götu á rauðu ljósi en halda fast í „köbesex“. Vinstri menn fóru mikinn í að tala fyrir þessari löggjöf en Helle kom fram nýlega og sagðist hafa skipt um skoðun. Málið var því fellt og raddirnar um svikin kosningaloforð vinstri stjórnarinnar fengu byr undir báða vængi.

Gagnrýnin snýst mest um það núna að flokkur Helle Thorning þori ekki að taka skýra afstöðu lengur og sé að breytast í hægri flokk. Þessi stórglæsilegi fulltrúi kvenþjóðarinnar á því ekki sjö dagana sæla sem stendur. Við flokknum blasa vandamálin við en þá kemur í ljós úr hverju Helle Thorning er gerð.

ST. TROPEZ

NÝTT
St. Tropez



- Nærir og fullkomnar húðina með fallegri og jafnri áferð.
- St. Tropez línan er lyktarlaus og einstaklega auðveld í notkun.
- Liturinn endist í allt að 5-8 daga.





Það læra börnin sem fyrir þeim er haft
FEGURÐIN VIÐ LJÓTA FÍKN

Hvað er eðlilegt nú til dags og hvað ekki.
Er eðlilegt að börn horfi á fullorðid fólk að svala fíkn sinni með reykingum og læri þannig að það sé eðlilegt.
Eru reykingarbönn tímaskekkja þar sem tekið er fram fyrir hendurnar á fullorðnu fólki líkt og við gerum við börn sem ekki vita muninn á réttu og röngu.

Eftir að hafa séð myndband á youtube af tveggja ára gömlum indónesískum dreng að keðjureykja 40 sigarettur á dag fékk hollenski ljósmyndarinn *Frieke Janssens* hugmyndina að myndapættinum *Reykjandi börn*. Tilgangurinn var að sýna þversögnina í óhollustu sigarettunnar og sterku aðdráttarafls reykinganna.

Texti: Sara María Júlíudóttir,

Myndir: www.frieke.com

Hönnuður á síðu: Katla Rós



TEIKNING TEXTÍLL MÓTUN

Frá hugmynd að fullunnu verki.

Tveggja ára diplómanám-
leið til BA gráðu í listaháskólum
erlendis.



SJÓNLIST

Myndlist - hönnun - arkitektúr.
Ítarlegt undirbúningsnám.

- Tveggja ára nám til stúdentsprófs með áherslu á sjónlistir.
- Eins árs nám fyrir fólk með stúdentspróf.



MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK



HOT MESS

Sunna Ben

Heimasíða: www.sunnaben.org



KOSSEKTA

Varalitur sem endast allan daginn!

LIP TINT tússpennti

LIPFINITY varalitur & gljái

COLOUR & GLOSS varalitur & gloss



VOLG *MAÐURINN*

MAÐUR: Jói B.

MYND: Ásta Kristjánsdóttir

JAKKAFÓT OG KLÚTUR:

Herrafataverslun Kormáks og Skjaldar.



Hversdagslegar sparistundir

JONOSFÄR
hengiljós 2.990,-/stk.
Ø39, H23cm. Grænt
Einnig til svart og rautt

KVITTRA kassi m/loki
1.990,-
B25xD25, H25cm.
Marglitt

1.490,-
KVITTRA kassi m/loki
B20xD20, H20cm. Marglitt

KARLSTAD 3ja sæta
sófi 114.900,-
B205xD93, H80cm.
Sæti H45cm. Isunda grátt

2.990,-

IKEA 365+ 3ja
hæða kökudískur
B27xL31, H34cm.
Gler/ryðfritt stál

IKEA 365+ bolli
m/undirskál 795,-/settið
36cl. H11cm. Hvítt

9.990,-

IKEA PS 2012 sófaborð á hjólum
B70xD42, H48cm. Dökktúrkís
Einnig til hvítt

Ver slun opin **11-20** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-19:30 - www.IKEA.is



living with style



POLO
3JA SÆTA SÓFI
189.900



LEONORA
NÁTTBORD
34.900



CRISS
PRJÓNUÐ SESSA
14.995

